BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Atvinnuvegaráðuneytið
Skrifstofa landgæða og dýraheilsu

Sent í samráðsgátt
Reykjavík, 28. ágúst 2026

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands varðandi drög að reglugerð um áburðarvörur, mál nr. S-111/2026.

Bændasamtök Íslands hafa tekið ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Bændasamtök Íslands fagna framkomnum drögum að reglugerð um áburðarvörur. Sérstaklega er jákvætt að fiskeldismykja sé skilgreind og að skýrari heimildir séu skapaðar til vinnslu hennar, sölu og markaðssetningar sem áburðarvöru. Samtökin styðja markmið reglugerðarinnar en telja að nánari skýringar og úrbætur séu nauðsynlegar á nokkrum sviðum til að tryggja skýra og fyrirsjáanlega framkvæmd hennar.

I. Almennt

Notkun áburðar gegnir lykilhlutverki í íslenskum landbúnaði og mikilvægt er að regluverk um áburðarvörur sé skýrt, framkvæmanlegt og taki mið af íslenskum aðstæðum. Slíkt regluverk er jafnframt mikilvægt til að styðja við nýtingu innlendra hliðarstrauma, aukna hringrás næringarefna og fjárfestingar í þróun nýrra áburðarvara. Bændasamtök Íslands telja að reglugerðin feli í sér mikilvægt skref til að styrkja nýtingu innlendra lífrænna hráefna og stuðla að aukinni hringrás næringarefna.

Samtökin telja þó að ýmis atriði þarfnist frekari skýringa og úrbóta. Það á til dæmis við um stöðu fiskeldismykju innan regluverksins, tengsl hennar við reglur um aukaafurðir dýra, skilgreiningar á vinnslu hennar og skýrleika um hvaða kröfur gilda um markaðssetningu og nýtingu hennar. Þá benda samtökin á að fiskeldismykja frá lokuðu landeldi fellur til í stýrðu og rekjanlegu framleiðslukerfi sem hefur ákveðin sérkenni sem mikilvægt er að tekið sé tillit til við útfærslu regluverksins.

Jafnframt telja samtökin mikilvægt að skýrt verði hvernig fiskeldismykja og afurðir sem unnar eru úr henni, svo sem meltunarleifar úr lífgasvinnslu, falla að ákvæðum reglugerðarinnar. Óvissa er um stöðu fiskeldismykju gagnvart lífgasvinnslu og hvaða kröfur gilda um vinnslu og meðhöndlun þeirra.

Bændasamtök Íslands benda á að á undanförnum árum hafa fiskeldisfyrirtæki fjárfest verulega í búnaði, þekkingu og þróunarvinnu til að vinna fiskeldismykju áfram og breyta henni í verðmæta áburðarvöru. Mikilvægt er því að regluverkið sé skýrt og fyrirsjáanlegt varðandi réttaráhrif mismunandi vinnsluferla og stöðu afurðanna eftir vinnslu.

Samtökin telja sérstaklega tilefni til að skýra á hvaða lagagrundvelli fiskeldismykja er flokkuð sem lífræn áburðarvara úr aukaafurðum dýra án skilgreinds endapunkts. Jafnframt er óskað eftir skýringum á því hvaða skilyrði fiskeldismykja eða afurðir unnar úr henni þyrftu að uppfylla til að teljast hafa náð skilgreindum endapunkti. Mikilvægt er að skýrt liggi fyrir hvort og með hvaða hætti vinnsla á borð við afvötnun, þurrkun, kögglun, hitameðhöndlun, lífgasvinnslu eða aðrar viðurkenndar vinnsluaðferðir geti haft áhrif á flokkun afurðarinnar. Slík flokkun getur haft veruleg áhrif á vinnslu, flutning, rekjanleika, markaðssetningu og frekari nýtingu afurðarinnar.

Þá telja samtökin mikilvægt að reglugerðin taki mið af raunverulegum aðstæðum í íslenskum landbúnaði. Það á sérstaklega við um bann við dreifingu áburðar á frosna jörð og 21 dags biðtíma fyrir beit og slátt eftir dreifingu lífrænna áburðarvara, þar sem forsendur þeirra ákvæða eru ekki skýrðar með fullnægjandi hætti.

Bændasamtök Íslands telja jafnframt nauðsynlegt að skýrt verði hvernig ákvæði reglugerðarinnar tengjast ákvæðum reglugerðar nr. 674/2017 um aukaafurðir dýra, einkum hvað varðar notkun moltu, kjötmjöls og annarra aukaafurða dýra. Koma þarf ótvírætt fram hvaða ákvæði gilda ef reglurnar skarast, hvort strangara ákvæðið eigi ávallt að gilda og hvort breyta eigi reglugerð nr. 674/2017 samhliða gildistöku þessarar reglugerðar.

Jafnframt benda samtökin á að í gildandi regluverki eru þegar ákvæði sem varða dreifingu búfjáráburðar, meðal annars í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Með fyrirliggjandi reglugerðardrögum bætast við nýjar takmarkanir og skilyrði. Mikilvægt er að skýrt komi fram hvernig ný ákvæði samræmast gildandi reglum og hvaða reglur skuli gilda ef túlkun þeirra leiðir til ólíkra niðurstaðna.

Loks leggja Bændasamtök Íslands áherslu á að kröfur um skráningu, merkingar, upplýsingagjöf og vottanir séu skýrar, fyrirsjáanlegar og í samræmi við umfang starfseminnar þannig að markmið reglugerðarinnar náist án óþarfa stjórnsýslubyrði.

II. Athugasemdir við einstök ákvæði

2. gr.

Almennt

Fyrst ber að nefna að 2. gr., er varðar skilgreiningar hugtaka, virðist þarfnast frekari yfirferðar. Skilgreiningum er ekki raðað í stafrófsröð. Hugtakið „*ólífræn ræktunarefni*“ er tiltekið tvívegis í skilgreiningunni á „*flokkum áburðarvara“* auk þess sem að sum hugtök koma hvergi fram í reglugerðardrögunum en koma fram í skilgreiningum, til að mynda hugtökin „*Landbúnaðarafgangar*“, „*Landslagsjarðvegur*“, „*Vaxtarhvatar“*, „*Stórlífverur“* og “*Líförvar“*.

Fiskeldismykja

Bændasamtök Íslands telja þörf á að skýra nánar hvað teljist unnin fiskeldismykja, til dæmis hvort afvötnun, þurrkun, kögglun, hitameðhöndlun, sýring, jarðgerð, lífgasvinnsla eða önnur sambærileg vinnsla falli undir hugtakið. Jafnframt er óljóst hvort þétting fiskeldismykju og íblöndun fellingarefna (e. flocculants) teljist nægileg vinnsla til þess að fiskeldismykja verði skilgreind sem unnin. Ef engar viðurkenndar vinnsluaðferðir eru tilgreindar getur framleiðandi þurft að falla undir ákvæði um sannprófun nýrra vinnsluaðferða, þar sem m.a. þarf að sýna fram á með vísindalegum aðferðum að áhætta hafi verið minnkuð í ásættanlegt stig. Slík nálgun getur orðið óþarflega íþyngjandi ef ætlunin er að stuðla að hagnýtri nýtingu fiskeldismykju sem innlends lífræns hráefnis.

Lífrænn áburður

Bændasamtök Íslands benda á að þvagefni og önnur tilbúin lífræn köfnunarefnissambönd eru í mörgum tilvikum notuð í áburðarvörum sem að öðru leyti byggja á lífrænum hráefnum. Samtökin telja því að orðalag skilgreiningar á lífrænum áburði sé ekki nægilega skýrt þegar fram kemur að „*þvagefni eða önnur tilbúin lífræn köfnunarefnissambönd séu ekki talin lífrænn áburður*“. Óljóst er hvernig flokka skuli vörur sem innihalda að mestu lífrænan efnivið en einnig þvagefni eða önnur sambærileg köfnunarefnissambönd. Bændasamtökin telja mikilvægt að reglugerðin skýri með ótvíræðum hætti hvort slíkar vörur skuli flokkast sem lífrænn áburður, blanda lífræns og ólífræns áburðar eða falla undir annan vöruflokk. Vert er að benda á að þvagefni umbreytist hratt í ammóníum við geymslu og eftir dreifingu. Því er mikilvægt að skýrt sé hvernig slík köfnunarefnissambönd skuli metin við flokkun áburðarvara.

Bændasamtökin telja jafnframt æskilegt að skilgreina hugtakið „*áburðargildi*“ nánar. Í landbúnaði hefur hugtakið meðal annars verið notað um það hversu hratt næringarefni, sérstaklega köfnunarefni, verða aðgengileg plöntum. Þetta er m.a. háð C/N hlutfalli lífræns áburðar, t.d. er kúamykja með mun lægra C/N hlutfall en hálmskítur, sem getur valdið því að næringarefnin verða hægar aðgengileg plöntum þrátt fyrir hátt innihald plöntunæringarefna. C/N hlutfallið hefur verið notað til að greina á milli þess hvort um sé að ræða lífrænan áburð eða jarðvegsbætandi efni.

Bent er á að hugtakið „*jarðefnaáburður*“ er notað í skilgreiningu á „*blöndu lífræns og jarðefnaáburðar*“, en hugtakið sjálft er ekki skilgreint í reglugerðardrögunum. Aftur á móti er fjallað um „*ólífrænan áburð*“ í 31. grein. Bændasamtökin telja mikilvægt að skýrt komi fram hvort átt sé við sama vöruflokk eða hvort um sé að ræða ólík hugtök. Slík skýring myndi stuðla að samræmdri túlkun og flokkun áburðarvara.

Ólífrænt ræktunarefni

Hugtakið „*þandur sandur*“ er óljóst og ekki almennt notað í garðyrkju eða landbúnaði hér á landi. Bændasamtök Íslands leggja til að hugtakið „þaninn sandur“ verði notað í staðinn. Annars væri þetta betra: „*Ræktunarefni sem er framleitt úr ólífrænum efnum, svo sem sandi, steinull og þöndum steinefnum*.“

4. gr.

Samtökin telja að aðlaga þurfi reglugerðardrögin betur að aðstæðum í landeldi. Samtökin telja að reglugerðardrögin taki ekki með nægilega skýrum hætti mið af sérstöðu fiskeldismykju frá lokuðu landeldi, sem fellur til í stýrðu og rekjanlegu framleiðslukerfi og hefur að ýmsu leyti aðra eiginleika og aðrar vinnsluleiðir en hefðbundinn búfjáráburður. Sérstaklega á þetta við þegar fiskeldismykja hefur farið í gegnum afvötnun, þurrkun eða aðra vinnslu. Samtökin telja því að áhættumiðuð nálgun sem tekur mið af uppruna hráefnis, framleiðsluferli, vinnslu og fyrirhugaðri notkun sé heppilegri en að sömu kröfur gildi sjálfkrafa um öll lífræn hráefni. Slík nálgun myndi styðja við markmið reglugerðarinnar um örugga nýtingu lífrænna hliðarafurða án þess að sömu kröfur séu gerðar til hráefna sem eru ólík að uppruna, vinnslu og áhættu. Samtökin leggja til við ráðuneytið að þetta atriði verði kannað sérstaklega.

Í 4. gr. kemur fram að vörur sem innihalda búfjáráburð, þar með talið fiskeldismykju, skuli meðhöndla þannig að þær valdi ekki smithættu fyrir menn, dýr eða plöntur. Bændasamtökin telja mikilvægt að nánar verði skýrt hvaða kröfur, viðmið eða gögn þurfi að liggja fyrir til að sýna fram á að þessi krafa sé uppfyllt þegar um fiskeldismykju er að ræða. Án slíkra skýringa er hætta á óvissu um framkvæmd reglugerðarinnar og mismunandi túlkun milli framleiðenda og eftirlitsaðila. Í viðauka 2 er um fiskeldismykju mest vísað til skilgreiningar á meðan önnur skyld hráefni fá skýrari vinnslulýsingu eða tilvísun í reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Gæti þetta orðið til þess að skapa óvissu fyrir framleiðendur um hvaða vinnsla teljist vera nauðsynleg til að geta talist vera „*unnin*“ og hæf til að falla undir skilgreininguna á lífrænni áburðarvöru. Lagt er til að ákvæðið verði orðað með svohljóðandi hætti:

> „*Matvælastofnun getur samþykkt vinnsluaðferðir fyrir fiskeldismykju, þ.m.t. afvötnun, þurrkun, hitameðhöndlun, sýring, kölkun, jarðgerð, lífgasvinnslu eða sambærilegar aðferðir, enda sýni framleiðandi fram á með áhættumati, innra eftirliti og viðeigandi greiningum að varan uppfylli gæða- og öryggiskröfur reglugerðarinnar*.“

Í 4. gr. segir: „*vörur sem reglugerð þessi tekur til verða að hafa sýnleg og skráningarhæf áhrif*“. Samtökin telja orðalagið verulega óskýrt og þarfnast nánari skýringa.

Þá telja samtökin mikilvægt að skýrt komi fram hvaða kröfur gilda um vinnslu og smitminnkandi meðhöndlun fiskeldismykju. Samtökin telja að slíkar kröfur eigi að vera áhættumiðaðar og taka mið af uppruna hráefnis, framleiðsluferli, vinnslu og fyrirhugaðri notkun. Heimilt verði að nota mismunandi viðurkenndar smitminnkandi aðferðir, enda hafi virkni þeirra verið sannprófuð. Ekki verði þó gerð krafa um eina tiltekna hitameðferð ef önnur aðferð veitir sambærilega vernd og tryggt er að varan uppfylli öryggis- og gæðakröfur reglugerðarinnar.

5. gr.

Bændasamtökin telja að nánar þurfi að skilgreina heimildir Matvælastofnunar til að banna markaðssetningu áburðarvara samkvæmt 5. grein. Skýra þarf hvort slíkt bann sé tímabundið eða varanlegt, hvaða málsmeðferð gildir og hvaða úrbótatækifæri framleiðendur eða dreifingaraðilar hafa áður en ákvörðun tekur gildi.

Þá þurfi að skýra nánar hvaða gögn og rannsóknir teljist fullnægjandi til að sýna fram á gagnsemi áburðarvöru. Jafnframt væri æskilegt að vísað yrði með skýrari hætti til þeirra staðla eða viðmiða sem liggja eiga til grundvallar slíku mati. Það myndi auka fyrirsjáanleika fyrir framleiðendur, innflytjendur og eftirlitsaðila.

6. gr.

Í c. lið 6. gr. kemur fram um vörur sem innihalda seyru, þ.m.t. fiskeldismykju að lýsa þurfi „*vinnslu sem varan hefur hlotið t.d. með því sýna fram á að viðkomandi vara sé framleidd í samþykktum starfsstöðvum samkvæmt reglugerðum um aukaafurðir dýra eða sambærilegum reglum*“. Samtökin vilja vekja athygli á því að fiskeldismykja hefur ekki skýra stöðu innan ABP flokkunar Evrópusambandsins og óska þar með eftir nánari skýringu á þeim kröfum sem lagðar eru á framleiðslu og notkunar fiskeldismykju er þetta varðar. Drögin vísa víða til þeirrar löggjafar Evrópusambandsins en segja ekki skýrt hvaða vinnslustaðall eigi sérstaklega við um fiskeldismykju. Samtökin telja að skýra þurfi hvort stjórnvöld hyggist byggja á sérstöku innlendu fyrirkomulagi fyrir fiskeldismykju eða hvort ætlunin sé að beita reglum um aukaafurðir dýra með sambærilegum hætti og gagnvart öðrum hráefnum sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

Einnig er óskað skýringa á því hvort fiskeldisstöð sem hefur starfsleyfi og starfar undir eftirliti Matvælastofnunar teljist sjálfkrafa „*samþykkt starfsstöð*“ í skilningi 6. gr. vegna framleiðslu og meðhöndlunar fiskeldismykju, eða hvort til þurfi sérstakt samþykki stofnunarinnar sem tengist þá eingöngu fiskeldismykju.

Jafnframt væri æskilegt að fá nánari skilgreiningu á því hvað felist í heimild Matvælastofnunar til að krefjast „*vottunar á virkni vöru*“, við hvaða aðstæður slíkar kröfur geti verið gerðar og hvaða gögn, rannsóknir eða staðfestingar teljist fullnægjandi í því skyni. Mikilvægt er að fyrir liggi skýr og gagnsæ viðmið þannig að framleiðendur og innflytjendur geti með eðlilegum hætti metið hvaða kröfur kunni að verða gerðar til þeirra. Jafnframt þarf að skýra hver beri kostnað af slíkri vottun og hvort lögbundnir eða skilgreindir afgreiðslufrestir gildi um meðferð slíkra mála. Mikilvægt er að framleiðendur og innflytjendur geti gert ráð fyrir fyrirsjáanlegum afgreiðslutíma við skráningu nýrra vara og meðferð umsókna um viðurkenningu nýrra hráefna, vinnsluaðferða eða staðfestingu á virkni vöru.

Í g-lið 6. gr. er gert ráð fyrir að fram komi hvaða aðferð sé notuð við sótthreinsun vörunnar. Bændasamtökin telja óljóst hvort með þessu sé gert ráð fyrir að sótthreinsun sé ávallt nauðsynleg forsenda fyrir framleiðslu, skráningu eða markaðssetningu áburðarvara sem innihalda fiskeldismykju. Samtökin telja mikilvægt að skýrt komi fram hvort heimilt sé að sýna fram á öryggi og gæði vörunnar með öðrum hætti en sótthreinsun, enda uppfylli varan kröfur reglugerðarinnar um aðskotaefni, örverur og önnur viðeigandi gæðaviðmið. Þetta getur meðal annars átt við um fiskeldismykju sem hefur farið í gegnum afvötnun, þéttingu eða aðra vinnslu og þar sem framleiðandi getur með viðeigandi greiningum sýnt fram á að varan uppfylli kröfur reglugerðarinnar. Bændasamtökin telja því æskilegt að nánar verði skýrt hvort sótthreinsun sé áskilin í öllum tilvikum eða hvort aðrar vinnsluaðferðir og staðfesting á gæðum og öryggi vörunnar geti talist fullnægjandi.

Bændasamtök Íslands óska einnig eftir að skýrt verði hvort afhending búfjáráburðar, hrossataðs, hálmskíts, plöntuleifa eða annarra lífrænna efna milli búa, hvort sem greiðsla kemur fyrir eða ekki, teljist markaðssetning áburðarvöru sem leiði til skráningarskyldu fyrirtækis og vöru samkvæmt reglugerðinni.

Samtökin telja mikilvægt að skýrt sé hvar mörkin liggja á milli hefðbundinna viðskipta eða afhendingar milli landbúnaðarrekstraraðila annars vegar og markaðssetningar áburðarvara hins vegar.

Samtökin leggja til að sett verði skýr og hófleg undanþága vegna staðbundinnar afhendingar slíkra efna milli landbúnaðarrekstraraðila, enda sé ekki um iðnaðarvinnslu, pökkun eða almenna markaðssetningu að ræða og tryggður sé viðeigandi rekjanleiki.

10. gr.

Bændasamtökin telja rétt að skýra hvort illgresisfræ teljist til aðskotaefna í lífrænum áburðarvörum og þá hvaða kröfur eða viðmiðunarmörk gildi um slíkt innihald. Illgresisfræ geta haft veruleg áhrif á ræktun og landnýtingu og því er mikilvægt að skýrt komi fram hvort og hvernig tekið sé á þeim í reglugerðinni eða viðauka 7. Samtökin leggja til að þetta verði skýrt nánar, annaðhvort í ákvæðum reglugerðarinnar sjálfrar eða í viðauka 7.

12. gr.

Bændasamtök Íslands telja að rökstyðja þurfi sérstaklega kröfu um tíu ára varðveislu allra upplýsinga um viðtakendur áburðarvara. Skýra þarf hvort krafan nái til hverrar einstakrar smásölu, afhendingar til bænda og afhendingar án endurgjalds. Einnig þarf að skýra hvernig framleiðendur og seljendur eigi að uppfylla kröfu um skráningu magns reiknað sem þurrefni þegar um er að ræða lausar eða fljótandi áburðarvörur þar sem þurrefnishlutfall getur verið breytilegt.

Samtökin leggja til að varðveislutími og umfang skráningar verði áhættumiðað og að undanþága verði veitt vegna almennrar smásölu til endanlegra notenda, nema sérstök rekjanleikakrafa leiði af reglum um aukaafurðir dýra.

13. gr.

Bændasamtök Íslands telja að nánar þurfi að skýra með hvaða hætti ný hráefni geti fengið varanlega viðurkenningu samkvæmt reglugerðinni. Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir tímabundinni undanþágu vegna vöru á þróunarstigi, en ekki kemur með skýrum hætti fram hvernig nýtt hráefni getur fengið varanlega heimild til notkunar.

Samtökin leggja til að reglugerðin kveði á um gagnsæja málsmeðferð vegna umsókna um ný hráefni. Þar verði tilgreind þau gögn sem leggja þarf fram, matsviðmið Matvælastofnunar, möguleiki á tímabundinni tilraunanotkun og eðlilegur afgreiðslufrestur.

Tímabundin undanþága vegna vöru á þróunarstigi kemur ekki í stað varanlegrar heimildar til að samþykkja nýtt hráefni. Mikilvægt er að skýrt ferli sé til staðar sem styður nýsköpun, þróun nýrra áburðarvara og aukna nýtingu innlendra hliðarstrauma án þess að skapa óvissu um framtíðarstöðu slíkra afurða.

17. gr.

Bændasamtökin telja óljóst hvernig flokka skuli meltunarleifar sem verða til við lífgasvinnslu fiskeldismykju. Ekki kemur skýrt fram hvort slíkar afurðir skuli flokkast sem meltunarleifar úr lífgasvinnslu, lífrænar áburðarvörur af dýrauppruna eða undir annan vöruflokk samkvæmt reglugerðinni. Skýr flokkun er mikilvæg þar sem hún hefur áhrif á kröfur um vinnslu, skráningu, merkingar og markaðssetningu afurðanna.

Samtökin telja jafnframt óljóst hvort ákvæði reglugerðarinnar um leyfileg hráefni fyrir moltu og meltunarleifar úr lífgasvinnslu eigi einnig við um fiskeldismykju eða hvort gera þurfi sérstaka grein fyrir fiskeldismykju sem hráefni í lífgasvinnslu. Þar sem fiskeldismykja telst dýraafurð eða tengist aukaafurðum dýra en ákvæði um moltu og meltunarleifar virðast að meginstefnu byggjast á efni sem fellur undir lífrænar áburðarvörur án dýraafurða, er hætta á túlkunaróvissu. Mikilvægt er að þetta sé skýrt í reglugerðinni þannig að framleiðendum sé ljóst hvaða reglur gilda um nýtingu fiskeldismykju í lífgasvinnslu.

19. gr.

Skýra þarf hugtakið „*ný vinnsluaðferð*“ nánar þar sem fram koma viðmið um hvenær krafist er sannprófunar. Það myndi auka fyrirsjáanleika og skapa betri skilyrði fyrir áburðarvörur á markaði.

20. gr.

Skýra þarf nánar hvað sé átt við með orðalaginu „*óþægindum vegna lyktar*“ og hvort stuðst verði við mælanleg viðmið eða áhættumat. Brýnt er að ákvæðið sé nægilega skýrt og fyrirsjáanlegt þannig að túlkun þess verði samræmd og taki mið af eðlilegri notkun lífrænna áburðarvara.

21. gr.

A-liður

Bændasamtök Íslands telja það verulega íþyngjandi nýmæli að óheimilt sé að dreifa lífrænum áburðarvörum á frosið land, líkt og gert er ráð fyrir í a-lið 21. gr. Samkvæmt 1. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, segir að dreifingu búfjáráburðar skuli „*að jafnaði ekki“* dreift á frosna jörð. Með fyrirliggjandi reglugerðardrögum er því stigið skref frá matskenndri og sveigjanlegri nálgun yfir í fortakslaust bann.

Reynslan sýnir að víða um land er áburði dreift á frosið land rétt áður en jarðvegur þiðnar. Í mörgum tilvikum er það talið heppilegra en að bíða þar til frost er að fullu farið úr jörðu, enda þolir jarðvegur þá betur umferð þungra véla. Að öðrum kosti getur þurft að bíða þar til jarðvegur hefur þornað nægilega, sem getur þrengt verulega að mögulegum dreifingartíma.

Veðurfarsaðstæður hér á landi eru jafnframt mjög breytilegar milli landshluta og ára. Samtökin telja því hvorki raunhæft né nauðsynlegt að setja fortakslaust bann sem byggir eingöngu á því hvort frost sé í yfirborði jarðvegs, án þess að tekið sé tillit til annarra aðstæðna sem hafa áhrif á hættu á afrennsli eða skemmdum á landi.

Þá getur slík breyting haft veruleg rekstrarleg áhrif á bændur. Til að uppfylla ákvæðið gætu margir þurft að auka geymslurými fyrir búfjáráburð og fjárfesta í frekari búnaði til meðhöndlunar og dreifingar. Slíkar

breytingar kalla bæði á tíma og fjármuni og ekki er ljóst að ávinningur af banninu réttlæti þá kvöð sem lögð væri á atvinnugreinina.

Bændasamtökin telja því að áfram ætti að styðjast við það orðalag sem gilt hefur hingað til eða að ákvæðið verði endurskoðað þannig að betur sé tekið mið af íslenskum aðstæðum og raunverulegri hættu á mengun eða afrennsli.

Jafnframt benda samtökin á að bæði gildandi reglugerð og opinberar leiðbeiningar um góða búskaparhætti byggja á þeirri meginreglu að forðast beri dreifingu á frosna jörð vegna hættu á afrennsli og útskolun, fremur en að slíkt sé fortakslaust óheimilt. Ekki verður séð af reglugerðardrögunum hvaða nýju upplýsingar eða faglegu forsendur liggja að baki breytingunni.

C-liður

Bændasamtök Íslands gera athugasemd við c-lið 21. gr. þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að nýta land til beitar eða sláttar fyrr en að liðnum 21 degi frá dreifingu lífrænna áburðarvara. Samtökin telja að ekki komi fram nægjanlegur rökstuðningur fyrir þessum tímafresti. Þá er óljóst á hvaða faglegu forsendum hann byggir. Bændasamtökin benda á að áhætta sem kann að fylgja dreifingu lífrænna áburðarvara getur verið mjög mismunandi eftir tegund áburðar, uppruna hans, vinnslu, meðhöndlun og dreifingaraðferð. Ekki er því ljóst af reglugerðardrögunum hvers vegna sama takmörkun eigi að gilda um allar lífrænar áburðarvörur óháð eiginleikum þeirra.

Bændasamtök Íslands telja ekki rétt að allar lífrænar áburðarvörur sæti sjálfkrafa sama biðtíma. Slíkar takmarkanir ættu að taka mið af áhættumati viðkomandi áburðarvöru, þar á meðal uppruna hennar, vinnslu, meðhöndlun og eiginleikum.

Í sumum nágrannaríkjum gildir 21 dags biðtími ekki um hefðbundinn húsdýraáburð heldur fyrst og fremst um tilteknar áburðarvörur sem falla undir sérstakar reglur um aukaafurðir dýra. Bændasamtök Íslands telja að sambærileg nálgun ætti að eiga við hér á landi og að hefðbundinn húsdýraáburður, þar á meðal mykja, tað og hrossatað, ætti að vera undanskilinn ákvæðinu. Fyrir aðrar lífrænar áburðarvörur telja samtökin að mögulegur biðtími eigi að byggja á áhættumati viðkomandi vöru og taka mið af uppruna hennar, vinnslu, meðhöndlun og eiginleikum.

23. gr.

Í lið 4.2. kemur fram að ekki sé leyfilegt að nota aukaafurðir dýra til framleiðslu lífkola. Óska samtökin eftir útskýringu á því hvort það megi nota fiskeldismykju til lífkolaframleiðslu og ef ekki, hvað liggi þar að baki. Einnig ber að nefna að æskilegt er að skýrar komi fram hvernig flokka skuli lífkol sem framleidd eru úr aukaafurðum dýra, svo sem fiskeldismykju. Eins og drögin eru sett fram virðist 23. gr. fjalla um áburðarvörur án dýraafurða, en þar eru jafnframt nefnd lífkol. Til að forðast túlkunarvanda væri gagnlegt að skýra hvort lífkol úr dýraafurðum falli undir sama flokk eða hvort það falli undir annan flokk.

23. gr. og 25. gr.

Að mati samtakanna er óljóst í reglugerðardrögunum hvernig fiskeldismykja fellur að ákvæðum um lífgasvinnslu. Í drögunum eru meltunarleifar skilgreindar sem afgangar sem falla til eftir loftfirrða myltingu

lífræns efnis, og í V. kafla kemur fram að áburðarvörur af lífrænum uppruna geti meðal annars verið meltunarleifar úr gasgerð og fiskeldismykja. Hins vegar virðist nánari umfjöllun um hráefni fyrir moltu og meltunarleifar úr lífgasstöð að mestu vera sett undir *A. Lífrænar áburðarvörur án dýraafurða*, þrátt fyrir að fiskeldismykja sé dýraafurð eða tengd aukaafurðum dýra. Þetta skapar óvissu um hvort fiskeldismykja megi fara beint í lífgasvinnslu, hvort hún þurfi sérstaka formeðhöndlun, og hvernig meltunarleifar úr fiskeldismykju skuli flokkaðar.

Skýra þyrfti þetta sérstaklega með vísan til 25. gr. sem heimilar notkun fiskeldismykju á land sem ætlað er til ræktunar matvæla, fóðurs, uppgræðslu eða skógræktar, og tekur fram að heimilt sé að selja fiskeldismykju sem áburðarvöru ef hún er merkt samkvæmt reglum um áburðarvörur og uppfyllir sömu öryggiskröfur og aðrar áburðarvörur af lífrænum uppruna. Ef fiskeldismykja er heimil sem áburðarvara þarf einnig að vera skýrt hvort og hvernig hún er heimil sem hráefni í lífgasvinnslu. Lagt er til svohljóðandi ákvæði verði bætt við reglugerðina:

„Fiskeldismykju er heimilt að nýta sem hráefni í lífgasvinnslu, enda sé tryggt að hráefnið innihaldi ekki dauðan fisk eða fiskhluta og að vinnslan fari fram í starfsstöð sem uppfyllir kröfur reglugerðarinnar og, eftir því sem við á, reglur um aukaafurðir dýra. Meltunarleifar úr lífgasvinnslu fiskeldismykju skulu heimilar sem áburðarvara af lífrænum uppruna að því gefnu að þær uppfylli kröfur reglugerðarinnar um skráningu, merkingar, rekjanleika, stöðugleika, aðskotaefni og sjúkdómsvalda.“

Þá er gerð sérstök athugasemd við kröfur um gerilsneyðingu meltunarleifa úr lífgasgerð. Í drögunum virðist gert ráð fyrir tveggja þrepa ferli þar sem loftfirrt hitakært niðurbrot við að lágmarki 55°C er fylgt eftir með loftháðu ferli sem felur í sér hitun til gerilsneyðingar, meðal annars 70°C eða meira í að minnsta kosti 3 sólarhringa, 65°C í 5 sólarhringa, 60°C í 7 sólarhringa eða 55°C í 14 sólarhringa.

Að mati Bændasamtakanna virðist þessi krafa fremur eiga við um moltugerð eða moltaðar meltunarleifar en almenna gerilsneyðingu meltunarleifa (e. digestate) úr lífgasvinnslu. Í evrópsku áburðarregluverki, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2019/1009, eru molta og meltunarleifar aðgreindar sem ólíkir efnisflokkar. Þá eru í evrópsku samhengi viðurkennd sótthreinsunarviðmið fyrir meltunarleifar og tengd lífræn efni oft mun styttri, t.d. hitun við 70°C í 60 mínútur, eftir atvikum með öðrum skilyrðum um agnastærð, hitaskráningu, áhættumat og örverumörk.

Ef almennt er gerð krafa um 70°C í 3 sólarhringa eða sambærilegt loftháð eftirferli fyrir allar meltunarleifar úr lífgasgerð, getur það haft veruleg áhrif á hönnun, orkunotkun, fjárfestingarkostnað, rekstrarkostnað, lyktarstjórnun, ammoníaktap og hagkvæmni lífgasvinnslu. Slík krafa gæti dregið úr raunhæfum möguleikum til að nýta fiskeldismykju og önnur lífræn hráefni í lífgasgerð, þrátt fyrir að markmið reglugerðarinnar sé að stuðla að aukinni hringrás næringarefna og betri nýtingu innlendra auðlinda. Lagt er til svohljóðandi ákvæði verði bætt við reglugerðina:

„Fyrir meltunarleifar úr lífgasgerð skal heimilt að nota viðurkenndar gerilsneyðingar- eða hreinlætismeðhöndlunaraðferðir, þ.m.t. aðferðir sem byggja á evrópsku regluverki um áburðarvörur og aukaafurðir dýra, enda sýni framleiðandi fram á með hitaskráningu, áhættumati, innra eftirliti og viðeigandi örveru- og efnamælingum að lokaafurðin uppfylli öryggis- og gæðakröfur reglugerðarinnar.

Ekki skal gera kröfu um loftháða eftirmeðhöndlun samkvæmt moltugerðarferli nema varan sé sérstaklega skilgreind eða markaðssett sem molta eða moltaðar meltunarleifar.“

Með þessum breytingum væri dregið úr óvissu, framleiðendum auðveldað að hanna rétta vinnslulínu og betur stuðlað að nýtingu fiskeldismykju í samræmi við markmið reglugerðarinnar um aukna hringrás næringarefna og betri nýtingu innlendra auðlinda.

24. gr.

Í 24. gr. er lagt til að tilteknar afurðir úr 2. og 3. áhættuflokki, þar á meðal kjöt- og beinamjöl og unnið dýrapróteín, skuli blanda öðrum efnum sem nemi að minnsta kosti 10% af þunga fullunninnar áburðarvöru. Bændasamtök Íslands óska eftir skýrum rökstuðningi fyrir þessu fasta hlutfalli og mati á því hvort ákvæðið feli í sér efnislega breytingu frá 7. gr. reglugerðar nr. 674/2017, þar sem miðað er við nægilegt magn viðurkenndra efna til að koma í veg fyrir notkun vörunnar sem fóðurs.

Skýra þarf hvers vegna miðað er við þyngdarhlutfall fremur en virkni íblöndunarefnisins, rúmmál eða aðra mælikvarða. Efni sem notuð eru til íblöndunar geta haft mjög mismunandi rúmþyngd og því þarf að tryggja að krafan sé tæknilega réttlætanleg og ekki meira íþyngjandi en nauðsynlegt er. Jafnframt þarf að skýra hvort undanþágur eða einfaldari kröfur gildi um tilbúnar og lokaðar smásölupakkningar.

25. gr.

Bændasamtök Íslands telja óljóst hvers vegna fiskeldismykja er flokkuð sem lífræn áburðarvara úr aukaafurðum dýra án skilgreinds endapunkts. Ekki kemur skýrt fram á hvaða lagagrundvelli þessi flokkun byggir né hvaða áhrif hún hefur á vinnslu, flutning, rekjanleika, markaðssetningu og frekari nýtingu afurðarinnar (til dæmis meltunarleifa úr lífgasvinnslu).

Jafnframt er óskað eftir skýringum á því hvaða skilyrði fiskeldismykja eða afurðir unnar úr henni þyrftu að uppfylla til að teljast hafa náð skilgreindum endapunkti.

Í ljósi þess að fiskeldisfyrirtæki hafa á undanförnum árum fjárfest verulega í búnaði, þekkingu og þróunarvinnu til að vinna fiskeldismykju áfram og umbreyta henni í verðmæta áburðarvöru er mikilvægt að regluverkið sé skýrt og fyrirsjáanlegt varðandi lagalega stöðu slíkra afurða og áhrif mismunandi vinnsluferla á flokkun þeirra.

Samtökin telja ekki fyllilega skýrt hvort 25. gr. eigi sérstaklega við um bæði óunna og unna fiskeldismykju þegar um ræktunarland fyrir matvæli og fóður er að ræða. Til að koma í veg fyrir vafa væri æskilegt að í reglugerðinni verði sérstaklega tekið fram að heimildin nái til óunninnar fiskeldismykju, þ.e. ef það er ætlun stjórnvalda. Erfitt er að sjá hvernig hægt væri að halda því fram að öll fiskeldismykja þurfi að fara í sótthreinsun þegar reglugerðin heimilar beinlínis notkun óunninnar fiskeldismykju. Einnig kemur ekki skýrt fram hvort að heimild samkvæmt 25. gr. i. nái einnig til beitarlands. Þar sem beit er nefnd sérstaklega annars staðar í reglugerðinni væri æskilegt að skýra hvort notkun fiskeldismykju sé heimil á beitilönd og, ef svo er hvaða skilyrði gildi um slíka notkun.

31. gr.

Bændasamtökin telja að orðalag fyrstu málsgreinar ákvæðisins sé óskýrt, en þar segir að þó lífrænn áburður skuli innihalda eitt eða fleiri meginæringarefni „*og/eða eitt eða fleiri aukanæringarefni*“. Ekki er ljóst hvort ætlunin sé að aukanæringarefni séu valkvæð eða hvort skilyrði sé að áburður innihaldi að minnsta kosti eitt aukanæringarefni til viðbótar við meginæringarefnin.

Samtökin telja mikilvægt að þetta verði skýrt nánar, enda eru á markaði fjölmargar áburðarvörur sem innihalda eingöngu eitt eða fleiri meginæringarefni. Sem dæmi má nefna köfnunarefnisáburð eða NK áburð sem ekki inniheldur endilega kalsíum, magnesíum, natríum eða brennistein. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á því hvort slíkar vörur falli undir skilgreiningu reglugerðarinnar.

37. gr.

Bændasamtök Íslands telja nauðsynlegt að sett verði sérstakt bráðabirgðaákvæði um hæfilegan aðlögunartíma. Fyrirtæki þurfa svigrúm til að breyta merkingum, innra eftirliti, sýnatöku, samningum við rannsóknastofur og framleiðsluferlum. Jafnframt þarf að skýra hvort vörur og fyrirtæki sem þegar hafa verið skráð samkvæmt eldri reglugerð haldi skráningu sinni eða þurfi að sækja um að nýju.

III. Aðrar athugasemdir

Bændasamtök Íslands benda á að reglugerðardrögin fjalla ítarlega um næringarefnainnihald, aðskotaefni, merkingar og aðra eiginleika áburðarvara. Hins vegar virðist ekki vera fjallað um eðlisfræðilega eiginleika kornaðs áburðar, svo sem styrk eða brotþol korna. Brotþol korna getur haft veruleg áhrif á notagildi áburðarvara þar sem veik korn geta molnað við flutning, geymslu og dreifingu. Afleiðingin getur verið aukin rykmyndun, ójöfn dreifing og lakari nýting næringarefna með neikvæðum áhrifum á uppskeru og hagkvæmni áburðarnotkunar. Bændasamtök Íslands telja því rétt að skoðað verði hvort tilefni sé til að setja fram viðmið eða vísa til viðurkenndra staðla um eðlisfræðileg gæði kornaðs áburðar, þar á meðal brotþol korna, í því skyni að tryggja gæði vara og vernda hagsmuni notenda.

Jafnframt telja samtökin mikilvægt að kröfur um skráningu, merkingar og upplýsingagjöf séu í samræmi við umfang starfseminnar og taki mið af aðstæðum smærri framleiðenda. Tryggja þarf að markmið reglugerðarinnar um öryggi, rekjanleika og neytendavernd náist án þess að stjórnsýsluleg byrði verði óþarflega íþyngjandi fyrir smáframleiðendur eða fyrirtæki sem framleiða áburðarvörur í takmörkuðu magni.

Að lokum telja Bændasamtök Íslands æskilegt að skýrt komi fram hvort ull og afurðir unnar úr ull, svo sem ullarkögglar, séu heimil hráefni í áburðarvörur samkvæmt reglugerðinni. Ull er innlent hráefni sem víða erlendis er nýtt sem lífrænn áburður eða jarðvegsbætandi efni. Samtökin telja mikilvægt að ekki leiki vafi á stöðu slíkra afurða samkvæmt reglugerðinni því hérlendis er verkefni í gangi sem hafur það markmið að nýta ull sem hráefni í áburð.

IV. Samantekt

Bændasamtök Íslands ítreka að þau fagna framkomnum drögum að reglugerð um áburðarvörur og telja að þau feli í sér mikilvægt skref í átt að skýrara og heildstæðara regluverki um framleiðslu, markaðssetningu og notkun áburðarvara. Samtökin telja jafnframt að reglugerðin geti skapað mikilvægan grundvöll fyrir aukna nýtingu innlendra hliðarstrauma og stuðlað að aukinni hringrás næringarefna í íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu.

Að því sögðu telja samtökin mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem fram koma í umsögn þessari, einkum hvað varðar stöðu og nýtingu fiskeldismykju, lífgasvinnslu og skýrleika einstakra ákvæða reglugerðarinnar. Markmið samtakanna er ekki að draga úr kröfum um öryggi og gæði heldur að þær taki mið af raunverulegri áhættu, eðli hráefnis og þeirri vinnslu sem það hefur hlotið.

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands eru reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Gyða Pétursdóttir, sérfræðingur og tengiliður Landeldisdeildar BÍ

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, lögfræðingur

Björn Gunnar Jónsson, laganemi